

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um frekari aðgerðir gegn svartri atvinnustarfsemi.

Frá Lúðvík Geirssyni.

1. Er vinna hafin við gerð frumvarps til að innleiða virk og einföld eftirlitsúrræði til að taka á og koma í veg fyrir brot á formreglum skattskila og skila á öðrum gjöldum, eins og lagt er til í skýrslu um sameiginlegt átaksverkefni ríkisskattstjóra, Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins gegn svartri atvinnustarfsemi sem lögð var fram í nóvember sl.?
2. Hvenær má vænta að frumvarp í þessa veru verði lagt fyrir Alþingi?
3. Eru í undirbúningi eða fyrirhugaðar frekari aðgerðir af hálfu ríkisskattstjóra til að sporna við svartri atvinnustarfsemi?
4. Verður leitað samstarfs við aðila vinnumarkaðarins í slíkum aðgerðum, líkt og gert var með góðum árangri á síðastliðnu ári?